



Hvernig leikföng á barnið þitt?

*Leikföng geta verið
slysagildra!*



Veljið ávallt leikfang sem hæfir aldri og þroska barns

Hafið eftirfarandi í huga við val á leikföngum:

- Þetta merki táknað að leikfangið er ekki við hæfi barna yngri en 3ja ára. 
- Gætið sérstaklega að því að leikföng hafi ekki hvassar brúnir eða horn.
- Varist að láta börnum í té leikföng eða aðrar vörur sem eru eftirlíkingar matvæla.
- Gætið þess vel að áfastir hlutir á leikföngum s.s. augu, hár og nef séu tryggilega fastir.
- Leikföng sem gefa frá sér há og hvell hljóð eiga að vera með viðvörunarmerkingu þess efnis að ekki skuli leggja slík leikföng að eyra, það geti skaðað heyrn.
- Snúrur og bönd í leikföngum skulu ekki vera lengri en 22 cm.
- Gætið að því að gengið sé frá rafhlöðum sem fylgja leikföngum á öruggan hátt.
- Fjarlægjið plastumbúðir utan af leikföngum áður en barnið fær þau í hendur.
- Fjarlægjið límmiða og aðrar merkingar sem auðvelt er að ná af leikföngum og stinga upp í sig.
- Leikföng sem ætluð eru börnum yngri en 14 ára eiga að vera  merkt.
- Sömu reglur gilda um leikföng sem keypt eru yfir Netið eða úr verslun eða vörulista.

LS:2003-2



Frekari upplýsingar um öryggi leikfanga veitir

LÖGGILDINGARSTOFA
Markaðsgæsla

Borgartúni 21 · 105 Reykjavík · Sími 510 1100 · Netfang ls@ls.is · Veffang www.ls.is